



Reykjavík 28. apríl 2005

Ályktun um fjárveitingu til Mannréttindaskrifstofu Íslands

Stjórn BSRB hvetur stjórnvöld til að endurskoða afstöðu sína um fjárstuðning við Mannréttindaskrifstofu Íslands og tryggja henni traustan starfsgrundvöll. Mannréttindaskrifstofan gegnir lykilhlutverki í þjóðfélaginu. Hún veitir stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald og ráðgjöf auk þess sem hún örvar til umræðu í samfélaginu um mannréttindamál. Mannréttindaskrifstofan er einn af hornsteinum lýðræðisins í landinu.